

Re: ósk um umsögn

Búið til	23.11.2022 16:15:43
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	23.11.2022 16:15:41
Tilheyrir	202211-0020 - Breyttu skipulagi hafnarsvæðis á Tálknafirði - Umsögn

Efni

Re: ósk um umsögn

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	23.11.2022 16:15:41	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	oskar@landmotun.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202211-0020.

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Tálknafjarðarhrepps, dags. 11. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að breyttu skipulagi hafnarsvæðis á Tálknafirði.

Deiliskipulagstillagan fjallar um að auka lóðaframboð á hafnarsvæðinu með landfyllingum, bæði austan og vestan við núverandi hafnarsvæði.

Eins og fram kemur í greinargerð með deiliskipulagstillögunni munu landfyllingarnar raska tiltölulega lítt snortnum fjörusvæðum þar sem m.a. finnast fjöruvistgerðir með hátt verndargildi. Röskunin mun hafa áhrif á lífríki fjörunnar t.d. á fæðuöflunarsvæði fugla. Ekki er greint frá því hvort dýralíf á svæðinu hafi verið kannað sérstaklega.

Svæðið sem um ræðir er ekki sérstaklega stórt og nálægt svæði sem þegar er raskað. Ljóst er þó að framkvæmdin mun hafa staðbundin neikvæð áhrif. Tilefni er til að vernda leirurnar inn af Sveinseyri fyrir frekara raski en leirur af þessum toga eru ekki svo algengar á vestanverðum Vestfjörðum.

Innan Mikilvægt er að huga að því að ekki sé notað mengað efni við gerð landfyllingarinnar og að dregið sé úr áhrifum gruggmengunar. Þá þarf að tryggja að ekkert óþarfa rask fylgi framkvæmdinni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að svo stöddu.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Óskar Örn Gunnarsson" <oskar@landmotun.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Eftirlit" <eftirlit@hevf.is>

CC:

Subject: ósk um umsögn

Date: 11.11.2022 11:24:07

Góðan daginn

Óskað er umsagnar um meðfylgjandi tillögu að breyttu skipulagi hafnarsvæðis á Tálknafirði.

Með kveðju

Óskar Örn Gunnarsson

Skipulagsfulltrúi Tálknafjarðarhrepps